

Nr. 21-055 S 038 Gísli Súrsson GK 8***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2878
Útgerð: Einhamar Seafood ehf.
Smíðaður: Trefjar, 2014, trefjaplast
Stærð: 29,84 bt
Mesta lengd: 14,83 m *Skráð lengd:*
Breidd: 4,43 m *Dýpt:* 2,30 m
Vél: DOOSAN 588 kW, 2014
Fjöldi skipverja: 4



Gísli Súrsson©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. mars 2021 var Gísli Súrsson GK 8 á siglingu við Selvogsbanka. Veður: V 13-18 m/s og 3,8 m alda.

Á siglingunni fór báturinn óvænt fram af öldu með þeim afleiðingum að skipverji, sem staddur var í eldhúsi, kastaðist til og slasaðist illa á fæti. Siglt var með slasaða til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var að koma á miðin og voru skipverjar að undirbúa línulögn;
- að slasaði var ekki lögskráður á bátinn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á mikilvægi þess að lögskráning sé í lagi.